

## LÖG

### um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum (undantekningar frá tryggingavernd).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tölul. 6. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: innstæður í eigu fjármálafyrirtækja, fjármálafyrirtækja í slita- eða gjaldþrotameðferð og fyrirtækja sem hafa misst starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda á næsta gjalddaga iðgjaldagreiðslna í sjóðinn.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júlí 2015.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*